

---

## Minnisblað

Dagsetning: 28.09.2023

Höfundar: Magnús Barðdal Reynisson

Viðtakandi: Stjórn SSNV

### Efni: Vinnustofur sveitastjórna vegna atvinnuuppbyggingar

---

SSNV hefur undanfarna mánuði unnið með sveitastjórnnum á svæðinu við að marka stefnu í atvinnumálum í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Hefur verkefnið gengið útá að halda vinnustofur með hverju og einu sveitarfélagi undir stjórn starfsmanna samtakanna. Afurðin sem ætlað er að komi út eru 2-4 verkefni sem setja á í forgang til að efla atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Það er svo sameiginlegt verkefni SSNV og sveitarfélagana að ná þeim markmiðum.

Staða verkefnis er eftirfarandi:

- **Skagafjörður**

Haldin var vinnustofa með sveitastjórn þann 04.05.2023 og unnu starfsmenn samtakanna úr þeim hugmyndum sem fram komu frá sveitastjórnarfulltrúum. Að beiðni sveitastjórnar voru tillögur lagðar fyrir AMK sem átti að vinna málið áfram og kynna fyrir sveitastjórn. Í ljósi þess að AMK fundar ekki yfir sumarmánuði tafðist vinnan fram í september. Nú hefur AMK tekið saman þau verkefni sem telja ákjósanleg og munu þau kynna þau fyrir sveitastjórn á næstu dögum.
- **Húnaþing vestra**

Haldin var vinnustofa með sveitastjórn þann 16.09.2023 og unnu starfsmenn samtakanna úr þeim hugmyndum sem fram komu frá sveitastjórnarfulltrúum. Sveitastjóri og starfmaður SSNV áttu fund þann 26.09.2023 þar sem tillögur voru mótaðar og er næsta skref að kynna tillögur fyrir sveitastjórn.
- **Skagaströnd**

Haldin var vinnustofa með sveitastjórn þann 23.09.2023 og er nú í gangi vinna við að greina þær tillögur sem fram komu á vinnustofunni. Stefnt er á að eiga fund með oddvita í upphafi Október mánaðar til að móta tillögur sem svo verða kynntar fyrir sveitastjórn.
- **Húnabyggð**

Haldin var vinnustofa með sveitastjórn þann 26.09.2023 og tekur nú við vinna við að greina þær tillögur sem fram komu á vinnustofunni. Stefnt er á að eiga fund með sveitastjóra í Október til að móta tillögur sem svo verða kynntar fyrir sveitastjórn.
- **Skagabyggð**

Vinnustofa hefur ekki farið fram. Vonir standa til að hægt verði að ná því fyrir lok nóvember mánaðar.

Það er mat okkar hjá SSNV að vinnustofurnar hafa gengið vel. Það hafa átt sér stað kröftugar umræður á öllum stöðum þar sem nú hafa lokið við sínar vinnustofur. Það eru fjölbreyttar hugmyndir sem koma fram en þó má greina samstöðu í áherslum sem snýr að stóru myndinni. Því verður forvitnilegt að taka næstu skref í verkefninu og vonandi verður almenn sátt um þau verkefni sem verða fyrir valinu.

Það er einnig gaman að segja frá því að önnur sveitarfélög og landshlutasamtök hafa sýnt þessu verkefni mikinn áhuga og hafa óskað eftir kynningu frá okkur og er SSNE farin af stað í sambærilegt verkefni. SSNV hefur verið þeim innan handar og deilt með þeim reynslunni og aðferðafræðinni sem notast hefur verið við.

Virðingafyllst f.h. SSNV, Magnús Barðdal Reynisson